

1.fundur umhverfis- og skipulagsnefndar Langanesbyggðar haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar Fjarðarvegi 3 fimmtudaginn 21. ágúst 2014 og hófst kl. 17:00

Mætt eru: Gunnólfur Lárusson formaður, Jósteynn Hermundsson, Kristján Úlfarsson, Steinunn Leósdóttir og Karl Ásberg Steinsson. Gunnólfur Lárusson ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundarmenn velkomna á fyrsta fund nefndarinnar og setti fundinn. Þá spurði hann hvort einhver gerði athugasemd við fundarboð og svo var ekki.

Formaður óskar eftir að setja inn tvo nýja liði á dagskrá sem yrðu þá liður 3 og 11. *Samþykkt samhljóða.*

Dagskrá :

1. Kosning varaformanns.

Tillaga um Steinunni Leósdóttur sem varaformann. *Samþykkt með 4 atkvæðum. 1 sat hjá.*

2. Deiliskipulag við Langholt.

Formaður lagði fram tilögu að eftirfarandi bókun. Lögð fram tillaga að deiliskipulagi athafnasvæðis við Langholt. Tillagan er unnin í samræmi við gildandi aðalskipulag Langanesbyggðar og skilmála þess. Skipulags- og umhverfisnefnd telur að ekki sé þörf á kynningu skipulagslýsingar þar sem allar megin forsendur liggja fyrir í aðalskipulagi. Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir að auglýsa tillöguna samanber 1. mgr. 41. gr. skipulags- og byggingarlaga. *Samþykkt samhljóða.*

3. Breyting á deiliskipulagi við Stórholt og Háholt.

Formaður lagði fram tilögu að eftirfarandi bókun. Lögð fram tillaga að breytingu á gildandi deiliskipulagi athafnarsvæðis við Stórholt og Háholt. Breytingin felur í sér breytingu á stærð og afmörkun lóðarinnar nr. 2 við Háholt. Handhafi lóðarinnar samþykkir breytinguna samkvæmt meðfylgjandi undirrituðu samþykki. Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir að auglýsa breytinguna samanber 2. mgr. 43. gr. skipulags- og byggingarlaga. *Samþykkt samhljóða.*

4. Deiliskipulag skóla og íþróttamiðstöðvar á Þórshöfn.

Formaður lagði fram tilögu að eftirfarandi bókun. Tekin fyrir tillaga að deiliskipulagi Skóla og Íþróttamiðstöðvar á Þórshöfn sem auglýst var samkvæmt 1.mgr. 41. gr. skipulags- og byggingarlaga frá 5. júní til 24. júlí 2014. Engar athugasemdir bárust. Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir deiliskipulagið og leggur til við sveitarstjórn að samþykkja skipulagið og senda skipulagsstofnun það til yfirferðar og afgreiðslu. *Samþykkt samhljóða.*

5. Deiliskipulag fyrir kirkjugarðinn á Þórshöfn.

Formaður lagði fram tilögu að eftirfarandi bókun. Kynnt frumtillaga að deiliskipulagi kirkjugarðs ofan Þórshafnarkirkju í samræmi við gildandi aðalskipulag Langanesbyggðar sem unnið hefur verið í samráði við sóknarnefnd og Biskupsstofu. Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir að fela formanni að klára skipulagslýsingu á grundvelli framlagðra gagna og leita samþykkis Skipulagsstofnunar fyrir auglýsingu hennar í samræmi við lög þar um. *Samþykkt samhljóða.*

6. Deiliskipulag fyrir Þórshöfn og Bakkafjörð.

Nokkur umræða fór um hvað þyrfti að deiliskipuleggja í sveitarfélaginu.

7. Aflýsing á lóðarleigusamningi fyrir Háholt 2 og gerð nýs lóðarleigusamnings.

Leigutaki (Haki ehf.) hefur samþykkt með undirskrift sinni að að lóð hans við Háholt 2 verði minnkuð úr 2.100m² í 1.464,5m² eins og fram kemur á teikningu. Leggur umhverfisnefnd til að að gerð verði aflýsing á núverandi samningi og nýr samningur gerður við leigutaka. *Samþykkt samhljóða.*

8. Umsókn um framkvæmdaleyfi vegna færslu á fjarskiptahúsi á Gunnólfsvíkurfjalli.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir fræmkvæmdina með þeim fyrirvara að landeigandi samþykki hana. *Samþykkt samhljóða.*

9. Umsókn Veiðifélagsins Hafralónsár um lóðarleigusamning.

Umsóknin er frá Marinó Jóhannsyni fh. Veiðifélagsins Hafralónsár vegna afmörkunar lóða með land.nr175767 fyrir veiðihúsið með fastanúmer. 222-5922 og er í landi Þorsteinsstaða. Með umsókninni fylgir loftmynd með hnitaskrá með fimm hnitpunktum sem unnar eru af Búgarði ráðgjafarþjónusta Norðausturlands. *Samþykkt samhljóða.*

10. Sorpmál og umgengni.

Nokkur umræða fór um sorpmál og umgengni , nefndamenn ætla að skoða þessi mál út frá umræðunni á fundinum.

11. Umsókn um hæsnakofa.

Kristján Úlfarsson sækir um að fá leyfi til að setja upp hæsnakofa á bak við húsið sitt að Sunnuvegi 11 þar sem hann ætlar að vera með nokkrar hænur. Samþykkt með þeim fyrirvara að að eigendur að Sunnuvegi 9 og 14 geri ekki athugasemdir. Jafnframt tekur nefndin skýrt fram að ekki sé leyfilegt að vera með hana, aðeins hænur. Samþykkt með fjórum athvæðum, Kristján vék af fundi á meðan umsóknin var rædd.

12. Önnur mál.

Formaður nefndarinnar leggur til að fundirnir verði framvegi þriðja fimmtudag hvers mánaðar.

Fundagerðin upplesin og samþykkt.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:15